

**Ed.**

**410. Frumvarp**

til laga um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Tilgangur Fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja bátatúveg landsmanna með hagkvæmum lánum.

2. gr.

Höfnðstóll sjóðsins er:

- I. Eignir hins gamla Fiskiveiðasjóðs, í peningum og skuldabréfum, eins og þær verða, er lög þessi öðlast gildi.

- II. Tillag úr ríkissjóði, 1 milljón króna. Er það samningsatriði milli stjórnar sjóðsins og ríkisstjórnarinnar, hvenær og á hvern hátt greiðsla þessi fari fram, en lokið skal henni eigi síðar en 1. júní 1941.
- III. Hundradsgjald af útfluttum fiskiafurðum samkvæmt því, sem ákveðið verður í sérstökum lögum, þar til höfuðstóll sjóðsins nemur 8 milljónum króna.

3. gr.

Fiskveiðasjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf, allt að  $1\frac{1}{2}$  milljón kr., sem tryggð skulu með stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um stærð bréfanna, útlit, útdrátt og aðra meðferð þeirra, í reglugerð sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til kaupa á slíkum bréfum, allt að  $1\frac{1}{2}$  milljón kr., enda skal svo til haga um vexti bréfanna, verð þeirra og tímalengd útlána, að ríkissjóður verði skaðlaus af.

4. gr.

Fé Fiskveiðasjóðs má eingöngu lána til:

- a. Skipakaupa, allt að 50 rúmlesta. Þó má veita lán til kaupa á stærri skipum, ef fé er fyrir hendi.
- b. Stofnsetningar iðjufyrirtækja í sambandi við fiskiveiðar, svo sem til hagnýtingar fiskiúrgangi, ishúsa og kælihúsa.

5. gr.

Lán til kaupa á nýjum skipum má veita til 12 ára, en þeim mun skemur, sem nemur fyrningu, til kaupa á eldri skipum.

Skipakaupalán mega nema allt að helmingi kaupverðs, þó ekki yfir 30000 kr. til eins lánþega. Veita má þó samvinnufélögum fiskimanna lán til skipakaupa allt að 30000 kr. á skip.

Lán til iðjufyrirtækja má veita til 15 ára, og mega þau nema  $\frac{2}{3}$  stofnkostnaðar fyrirtækjanna. Þó skal lán í einn stað eigi fara fram úr 35000 kr. Vextir lána samkvæmt grein þessari skulu ekki að jafnaði fara fram úr  $5\frac{1}{2}\%$ , og greiðast þeir fyrirfram. Hver lántakandi Fiskveiðasjóðs greiðir  $1\%$  af lánsupphæð í varasjóð deildarinnar um leið og hann tekur lánið.

6. gr.

Lán úr Fiskveiðasjóði má veita gegn þessum tryggingum:

- a. Gegn fasteignarveði, allt að  $\frac{2}{3}$  af virðingarverði þess, ef ekki hvíla neinar skuldbindingar á veðinu á undan veðrétti sjóðsins.
- b. Gegn fyrsta veðrétti í skipum, allt að helmingi virðingarverðs, enda gangi þá veðréttur sjóðsins fyrir öllum öðrum tryggingum í skipunum, öðrum en lögveði.

7. gr.

Heimilt er stjórn Fiskveiðasjóðs að leggja árlegt aukagjald, sem nemi allt að  $\frac{1}{4}\%$ , á lán með veði í skipunum. Gjald þetta skal lagt í sérstakan sjóð, sem ávaxtast eins og varasjóður, og skal því varið til að bæta Fisk-

veiðasjóði þann halla, sem hann kann að biða vegna sjóveða í veðsettum skipum. Nánari fyrirmæli um þetta skulu sett í reglugerð Fiskveiðasjóðs.

8. gr.

Leggja skal í varasjóð, auk stofngjalds lánþega eftir 5. gr., 50% af árlegum tekjuafgangi Fiskveiðasjóðs, þar til varasjóður nemur 20% af útlánum sjóðsins, en þaðan af svo mikið, sem þarf til að halda því hlutfalli tryggingar. Varasjóð skal ávaxta á öruggum stað, og má eigi festa hann í áhættulánum.

9. gr.

Eignir þær, er Fiskveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð sjóðsins. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Fiskveiðasjóðsins megi tilnefna þá menn, er skuli framkvæma virðingarnar. Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað.

10. gr.

Verði eigendaskipti að eign, sem veðsett er Fiskveiðasjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu, eða að nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðstjórninni eigendaskiptin þegar í stað.

11. gr.

Verð húsa á fasteignum, er Fiskveiðasjóður tekur að veði, skal því aðeins teljast til virðingarverðs fasteignarinnar, að húsin séu váttryggð í váttryggingarstofnun, er stjórn sjóðsins tekur gilda.

Í reglugerð sjóðsins má ákveða, að Fiskveiðasjóður annist váttryggingar þeirra eigna, sem veðsettar eru fyrir láni úr sjóðnum, og innheimti iðgjöldin á gjalddögum lánsins, ef stjórn sjóðsins ákveður svo.

12. gr.

Nú er lán úr Fiskveiðasjóði eigi greitt á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það eigi er svo tryggt sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

13. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir Fiskveiðasjóðurinn heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sátta eða fjárnáms, samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það Fiskveiðasjóðnum út til eignar, ef þörf er á.

Fiskveiðasjóðurinn þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau

séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Fiskveiðasjóðurinn ber hinsvegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóðurinn getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

#### 14. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Fiskveiðasjóðnum, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

#### 15. gr.

Fiskveiðasjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Bækur sjóðsins, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, er veita sjóðnum handveðsrétt, eru undanþegnar stimpilgjaldi.

#### 16. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn Fiskveiðasjóðs, þar til samningar takast við Útvegsbanka Íslands um rekstur sjóðsins, eftir fyrir-mælum 10. gr. laga nr. 2 1930. Útlánsfé Fiskveiðasjóðs skal skipt sem jafnast eftir bátaútgerð í hverjum hluta landsins.

#### 17. gr.

Reikningar Fiskveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af 2 mönnum, er ráðherra skipar. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag sjóðsins, er birta skal í B-deild Stjórnartíðinda. Auk þess getur ráðherra, hvenær sem er, krafist allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Eftir hver áramót gefur sjóðstjórnin ráðherra fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu. Ráðherra úrskurðar ársreikninginn, og skal síðan birta hann í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 18. gr.

Í reglugerð fyrir Fiskveiðasjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í hág við nein ákvæði í lögnum.

19. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1931, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 52, 10. nóv. 1905, um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands, og lög nr. 29, 16. nóv. 1907, um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands, svo og önnur fyrir-  
mæli í lögum, skipulagsskrá og reglugerð, er fara í bág við lög þessi.